

Ræða innanríkisráðherra á SFF-deginum 2015

Stafræna byltingin og framtíð fjármálageirans

Ágætu fundargestir,

Ég fagna því að fá tækifæri til að ávarpa ykkur hér í dag því fundarefnið er áhugavert og snertir ýmis verkefni sem ég sem innanríkisráðherra og reyndar ríkisstjórnin öll er að fást við.

Það fyrsta sem mér datt í hug þegar ég sá þema þessa fundar var hve aðdáunarvert það var að fjármálakerfið stóð af sér þær efnahagslegu hremmingar sem við lentum í haustið 2008 – þannig – að almenningur og fyrirtæki gátu nokkuð hnökralaust átt í nauðsynlegum samskiptum við fjármálakerfin og hefur það vakið verðskuldaða athygli.

Segja má að þar hafi farið fram prófun á ákveðnum og mjög svo mikilvægum þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækja á Íslandi. Fyrirtækin stóðust þetta tiltekna próf með ágætum en stöðugt stöndum við frammi fyrir nýjum áskorunum og tækifærum. Tækniframfarir síðustu ára hafa leitt af sér slíkar breytingar á daglegu lífi og starfi fólks og fyrirtækja að ekki er hægt að orða það öðru vísi en að við höfum gengið í gegnum samskiptabyltingu. Tilkoma snjallsíma og spjaldtölva hefur gjörbreytt því hvernig almenningur rekur sín erindi og nýtur afþreyingar og fræðslu.

Í fjármálastarfsemi hefur tekist að koma á umfangsmikilli sjálfsafgreiðslu meðal annars með tilkomu heimabanka og hraðbanka. Í sjálfsafgreiðslunni felst bæði aukin þjónusta við viðskiptavinina sem fá skjótari afgreiðslu sinna erinda, þeir spara sér tíma og ferðir í banka. En snilldin er auðvitað sú að fjármálastofnunin sparar líka fé. Því miður eru opinberir aðilar almennt ekki komnir svona langt í að þjónusta viðskiptavini sína, almenning og atvinnulíf. En við getum bent á nokkur góð dæmi sem sýna að þetta er hægt eins og til dæmis skattframtalið sem stöðugt verður auðveldara að ganga frá. Ef ég skil ríkisskattstjóra rétt þurfa margir einstaklingar nákvæmlega ekkert að gera því tölvukerfi skattsins aflar sjálf allra tilskilinna gagna. Þetta á þó ekki við í öllum tilvikum.

Annað gott dæmi um árangur sem er að nást í rafrænni þjónustu hjá opinberum aðilum er gáttin Heilsuvera.is sem Embætti landlæknis er að þróa. Með tilkomu hennar er loksins opnuð rifa fyrir almenning á glugga heilbrigðiskerfisins þar sem hægt verður að panta tíma á heilsugæslustöð, skoða upplýsingar um bólusetningar, skoða niðurstöður rannsókna, skoða lyfjaávisanir og innlausn þeirra í lyfjaverslunum og svo framvegis. Í framtíðinni gætum við séð fyrir okkur að öll sjúkraskráin verði þar aðgengileg fyrir viðkomandi einstakling og rétt er að taka það fram að hún verður að sjálfsgöðu vel varin. Í verkefninu um Heilsuveru næst ekki aðeins þetta mikla gegnsæi og aukin þjónusta við viðskiptavinum heilbrigðiskerfisins heldur næst um leið umtalsverð hagræðing innan kerfisins. Hún byggist á því að læknar sem taka á móti sjúklingum sínum geta séð niðurstöður rannsókna sem aðrir læknar eða stofnanir hafa látið gera – þannig er komið í veg fyrir óþarfar, endurteknar rannsóknir. Einnig geta læknar séð lyfjaávisanir annarra lækna þegar þeir eru að ávísa lyfi og þannig komið í veg fyrir að sjúklingur taki lyf sem hefur víxlverkun við önnur lyf sem hann tekur eða hann fái ávísun á lyf sem hann hefur ekki þörf fyrir. Niðurstaðan er sú að viðskiptavinir fá mun betri, gegnsærri og öryggari þjónustu og hægt verður að lækka rannsókn- og lyfjakostnað í heilbrigðiskerfinu.

Þennan tón rafrænnar stjórnsýslu og sjálfsafgreiðslu vill ríkisstjórnin slá fyrir ríkiskerfið allt – bæði varðandi þjónustu við einstaklinga og ekki síður við atvinnulífið. Dæmið um sjálfsafgreiðsluna í bönkunum á sér nefnilega tvíburabræður á mjög mörgum sviðum opinberrar þjónustu sem hægt er að veita í formi sjálfsafgreiðslu sem allir hagnast á.

Við eigum því mikið inni, ef svo má að orði komast, því við eigum eftir að leysa úr læðingi hagræðingu á mörgum sviðum, hagræðingu sem knúin er að upplýsinga- og fjarskiptatækni. Þennan tékka (svo ég noti nú gamalt bankamál) er hægt að innleysa með því að einfalda ferla og regluverk og stórauka rafræna þjónustu af ýmsu tagi bæði í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera. Mörg verkefni eru svo þess eðlis að þau þurfa að vinnast í samstarfi þessara aðila.

Mig langar að nefna nokkur mikilvæg verkefni, sem ég tel að séu áhugaverð fyrir fjármálafyrirtækin, þar sem ríkið og atvinnulífið þurfa að vinna saman til að árangur náist.

Rafrænar þinglýsingar

Rafrænar þinglýsingar hafa verið til umræðu og í undirbúningi um margra ára skeið. Gert er ráð fyrir að þær geti skapað umtalsverðan ávinning bæði fyrir fyrirtæki og opinbera aðila. Því er afar mikilvægt að vandað verði til verkefnisins sem er bæði stórt og margbrotið þar sem bæði þarf að þróa tæknilausnir og ferla í kringum nýtt verklag og að auki þarf að breyta lögum um þinglýsingar. Nú hefur þeim áfanga verið náð að búið er að skrifa frumvarp um rafrænar þinglýsingar, það hefur verið kynnt á vef ráðuneytisins og tekið hefur verið á móti athugasemdum sem nú er verið að vinna úr. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að hægt verði að leggja það fram í þinginu strax að afloknu jólaleyfi. Þjóðskrá Íslands hefur haft umsjón með þróun tölvukerfisins og verður fyrsta útgáfa þess kerfis tilbúin þegar á reynir eftir áramótin. Leitað verður til fjármálafyrirtækja eftir þátttöku þeirra í prófun kerfisins. Rétt er að geta þess að ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að þinglýsa öllum tegundum skjala í upphafi heldur er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði í reglugerð hvaða skjölum megi þinglýsa rafrænt.

Leyfisveitingagátt

Annað verkefni vil ég nefna sem ætti að vera áhugavert fyrir atvinnulífið almennt en það er svokölluð leyfisveitingagátt sem með tíð og tíma gæti orðið upphafið að heilstæðri fyrirtækjagátt þar sem fyrirtæki ættu þá að geta sinnt helstu erindum sínum við opinbera aðila á einum stað á netinu. Í þessu verkefni höfum við, eins og í svo mörgum öðrum, góðar erlendar fyrirmyndir.

Markmiðið með fyrstu útgáfu af leyfisveitingagáttinni er að einfalda til muna ferlið við að afla leyfa til að stofna til atvinnurekstrar á Íslandi. Ein gátt sparar tíma, fyrirhöfn og kostnað ásamt því að flýta fyrir afgreiðslu. Tilgangurinn með gáttinni má segja að sé þríþættur:

- Að auðvelda þeim sem sækja um leyfi til opinberra aðila alla umsýslu og meðferð fylgigagna í svokallaðri: „One-stop-shop“.
- Að veita umsagnaraðilum, á einum stað, yfirsýn yfir útistandandi umsagnir og möguleika á að afgreiða þær og ganga frá þeim.
- Að veita leyfisveitandanum sjálfum yfirsýn yfir umsóknir sem liggja fyrir og umsagnir skyldra umsagnaraðila ásamt möguleika á samskiptum við umsækjendur og að lokum að veita leyfin.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að greiða fyrir umsagnir og vottorð í gáttinni, þar sem það á við.

Þetta verkefni er samstarfsverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Þjóðskrár Íslands sem sér um tæknilega þróun gáttarinnar enda er þar fyrir hendi góð þekking og reynsla til slíkra verkefna. Fyrsta leyfið sem nú er verið að útfæra í gáttinni er leyfi til að reka gistináttarstað en í heildina er um að ræða marga tugi leyfa.

Netöryggismálin

Ekki verður hjá því komist að ræða við ykkur um netöryggismálin svo mikilvægt sem það er orðið að bregðast við sívaxandi ógnum og glæpum á netinu.

Í apríl síðastliðinn kynnti ég í ríkisstjórn fyrstu opinberu stefnuna um net- og upplýsingaöryggi. Henni er ætlað að ná til verndar mikilvægra innviða landsins og nauðsynlegra viðbragða vegna vaxandi netógnna sem steðja að stjórnvöldum, viðskiptalífi og borgurum. Í stefnunni er að finna *framτίðarsýn 2026* um net- og upplýsingaöryggi og sett eru fram fjögur meginmarkmið til að ná þeirri sýn og snúast þau um að efla þekkingu og getu, auka áfallaþol, bæta löggjöf og byggja upp trausta löggæslu sem geti leyst úr málum sem varða net- og upplýsingaöryggi.

Nú í haust skipaði ég svo Netöryggisráð sem samhafir aðgerðir opinberra aðila og er stjórnvöldum til ráðgjafar í málum sem snerta net- og upplýsingaöryggi eftir því sem óskað er.

Netöryggismálin brenna ekki síður á fyrirtækjunum en opinberum aðilum og þá ekki síst á fjármálafyrirtækjum sem eru fýsileg skotmörk glæpamanna, enda komu þau með margar góðar ábendingar í stefnumótunarvinnunni og við gerð frumvarpa til eflingar netöryggis, til dæmis um fyrirhugaðan samráðshóp netöryggissveitar. Öllum er ljóst að góður árangur á þessu sviði byggir á samstarfi og samvinnu þeirra sem mestra hagsmuna eiga að gæta. Því verður sett á laggirnar samstarfshópur um net- og upplýsingaöryggi, að höfðu samráði við samtök hagsmunaaðila á sviði fjarskipta, fjármála, orku- og veitukerfa, samgöngumála, upplýsingatækni, heilbrigðismála og háskóla. Markmiðið með starfi þess hóps verður að tryggja sem víðtækast samráð um þessi mál og samhæfa aðgerðir eftir því sem ástæða þykir til.

Mig langar einnig til að víkja nokkrum orðum að netöryggissveitinni eða Certsveitinni eins og hún er oftast kölluð. Ég tel þörf á að efla hana og styrkja þannig að hún geti tekist á við sívaxandi ógnir og glæpi á netinu. Það er mál manna að glæpir færast í auknum mæli úr raunheimum á netið og netið er einnig sá samskiptavettangur sem allir, líka glæpamenn og hryðjuverkamenn, nota við iðju sína. Eins og ykkur er kunnugt lagði ég nú í haust fram drög að frumvarpi um netöryggissveit til umsagnar á netinu. Í frumvarpsdrögum voru ýmis álitamál, meðal annars um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, orkufyrirtæki og fleiri rekstraraðila mikilvægra innviða sem netöryggissveitinni er ætlað að þjóna. Ráðuneytið fékk talsverð viðbrögð sem nú er verið að vinna úr. Því verða mótaðar aðrar tillögur og leiðir sem eru til þess fallnar að efla netöryggissveitina.

Ágætu fundargestir

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að leggja áherslu á að opinberir aðilar og atvinnulíf eiga sameiginlega hagsmuni í stafrænu byltingunni, allir hafa ávinning af því að hagnýta tæknina. Þessi staða er afskaplega ákjósanleg og gefur tilefni til bjartsýni varðandi árangur í þeim verkefnum sem við þurfum að vinna að í sameiningu.